

Ár 2022, föstudaginn 25. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Björgu Ástu Þórðardóttur, Ernu Birgisdóttur og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2022:

ÍH
gegn
Haukum

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

ÍH

Fyrirsvarsmaður: Jón Ásbjörnsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Hauka

Fyrirsvarsmaður: Hallór Jón Garðarsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 25. febrúar 2022.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að Íþróttafélagi Hafnarfjarðar verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðsins gegn Haukum er fram fór þann 19. febrúar 2022 í Lengjubíkar meistaraflokks karla, B-deild í riðli 3. Þá er þess krafist að kærði verði dæmdur til þess að greiða kæranda málskostnað samkvæmt siðar framlögðum málskostnaðarreikning, kæranda að skaðlausu.

Af hálfu kærða eru ekki hafðar uppi kröfur og er brot viðurkennt.

III.

Málsatvik:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að meistaraflokkur Hauka í karlaflokki hafi notað ólöglegan leikmann í leik liðanna sem fram fór í Skessunni þann 19. febrúar 2022 í Lengjubíkar karla, B-deild í riðli 3. Í framangreindum leik notaði kærði leikmann sem skráður var í Dalvík er leikur fór fram, Gunnar Darra Bergvinssonar, þó svo leikheimild skorti og nafn hans hafi ekki verið tilgreint á leikskýrslu. Gunnar Darri Bergvinsson hafi ekki haft leikheimild með kærða umræddan dag, þar sem ekki hafði verið tilkynnt um félagaskipti hans til kærða úr Dalvík. Þess að auki hafi nafn Gunnars Darra Bergvinssonar ekki verið að finna á leikskýrslu, sem undirrituð hafi verið af fyrirliðum og forráðamönnum liðanna

fyrir leik. Í framangreindum leik hafi Gunnar Darri Bergvinsson leikið í keppnistreyju nr. 23, en samkvæmt leikskýrslu hafi Victor Gauti Wium Jóhannsson verið skráður leikmaður nr. 23. Jafnframt ber þess að geta að Victor Gauti hafi ekki verið staddur í Skessunni þann 19. febrúar 2022, þar sem hann hafi verið staddur í einangrun í heimahúsi vegna veirunnar SARS-CoV-2 sem veldur sjúkdómnum Covid-19.

Kærandi byggir kröfu sína um að félaginu verði dæmdur 3-0 sigur á 2. mgr. 11. gr. reglugerðar KSÍ um deildarbikarkeppni karla, dags. 24. janúar 2022. Þá vísar kærandi til 1. mgr. 10. gr. sömu reglugerðar. Einnig vísar kærandi til laga KSÍ, dags. 22. febrúar 2020, reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, dags. 24. janúar 2022, reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, dags. 29. maí 2020, og reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, dags. 25. janúar 2022.

Við útfyllingu leikskýrslu í leik Hauka og ÍH, hafi Haukar fyllt út leikskýrslu með ólögðum hætti, með því að hafa, með vísitandi hætti, ranglega fyllt út leikskýrslu á vef KSÍ fyrir leik Hauka og ÍH þann 19. febrúar 2022, þar sem Gunnar Darri Bergvinsson hafi leikið undir nafni annars leikmanns, án þess að hafa keppnisleyfi með Haukum umræddan dag. Varði framangreint brot við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar KSÍ um deildarbikarkeppni karla og 36. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar KSÍ um deildarbikarkeppni karla teljist félag hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, þegar félag notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi.

Samkvæmt lögum KSÍ þurfi leikmaður að vera skráður í aðildarfélag í samræmi við reglugerðir KSÍ, sbr. 11. mgr. 5. gr. laga KSÍ. Þá séu þeir hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum sem hafi fengið keppnisleyfi skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, og sé keppnisleyfi heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik, sem fáist með tilkynningu sem gefin sé út af skrifstofu KSÍ í kjölfar félagaskipta, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þá er vísað til þess að fjallað er um hlutgengi leikmanna í 3. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Af öllu framangreindu virtu sé það ljóst að leikskýrsla í leik Hauka og ÍH hafi verið ranglega útfyllt af Haukum og Gunnar Darri Bergvinsson, þá leikmaður Dalvíkur, hafi ekki verið með keppnisleyfi í framangreindum leik þann 19. febrúar 2022.

Í greinargerð kærða er vísað til þess að ljóst sé að leikmaður Hauka hafi verið rangt skráður á skýrslu umrædds leiks sem fram fór 19. febrúar sl. Til varnar þeim aðila sem hafi skráð skýrsluna fyrir hönd Hauka skuli taka fram að ansi margir leikmenn Hauka hafi verið með Covid þegar leikurinn fór fram sem endurspeglar í því að aðeins þrír varamenn hafi verið skráðir á skýrsluna. Til samanburðar hafi sjö leikmenn verið skráðir á skýrslu í næsta leik gegn Njarðvík sem fram fór 26. febrúar. Umræddur leikmaður, Gunnar Darri Bergvinsson, sé nú skráður leikmaður Hauka en hann hafi fengið leikheimild þann 26.02.2022. Gunnar Darri hafi þó æft með Haukum frá því fyrir áramót en mistök hafi ráðið því að ekki hafi verið búið að klára lögleg félagaskipti yfir í Hauka. Að spila leikmanninum undir

öðru nafni sé þó klárlega óásættanlegt. Það sé sannarlega ekki til eftirbreytni að spila leikmanni sem sé ekki löglega skráður en ástæðu ákvörðunar þess sem skráði skýrsluna fyrir hönd Hauka megi rekja til ákveðinnar örvæntingar upp á að vera með fleiri en tvo varamenn í leiknum.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Hauka er beðist innilegrar afsökunar á að svona hafi verið staðið að málum. Haukar muni að sjálfsögðu leggja hart að þeim sem eru forráðamenn á leikjum að slíkt endurtaki sig ekki.

III.

Niðurstaða:

Málið varðar þá háttsemi Hauka að fylla leikskýrslu í leik ÍH og Hauka, í deildarþegarkeppni KSÍ, þann 19. febrúar 2022 ranglega út með því að falska nafn þátttakanda í leiknum með þeim hætti að skrá Victor Gauta Wium Jóhannsson á leikskýrslu með númerið 23 en í hans stað lék Gunnar Darri Bergvinsson. Gunnar Darri var á þeim tíma ekki með leikheimild hjá Haukum og kom fram í greinargerð Hauka að mistök réðu því að ekki var búið að klára lögleg félagaskipti yfir í Hauka. Sökum örvæntingar, í ljósi manneklu, var umræddur leikmaður spilaður undir öðru nafni. Ekki má ráða annað af svari Hauka að félagið gangist við brotinu og teljast því sakargiftir í málinu óumdeildar.

Ólöglega skipað lið

Um deildarþegarkeppni karla er fjallað í samnefndri reglugerð KSÍ en í grein 1.2 segir að hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða um KSÍ um félagaskipti leikmanna. Í grein 5.1 segir að knattspyrnulögin séu í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, eftir því sem við á.

Samkvæmt grein 6.3 í umræddri reglugerð skal forráðamaður heimaliðs, áður en leikur hefst, afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir. Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um sektir og skal lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, sæta sekt að fjárhæð kr. 30.000, og að auki kr. 30.000 fyrir hvern leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi og tekur þátt í leiknum. Svo er kveðið á um það í grein 11.2 að félag sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Óumdeilt er að sá leikmaður sem tók þátt í umræddum leik fyrir hönd Hauka, Gunnar Darri Bergvinsson, var ekki hlutgengur til þátttöku í þeim leik enda skráður hjá Dalvík. Leikheimild umrædds leikmanns fyrir Hauka fékkst ekki fyrr en þann 26. febrúar 2022. Var því lið Hauka ólöglega skipað til leiks og skal samkvæmt grein 10.1 sæta 60.000 kr. sekt og skulu Haukar taldir hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3.

Fölsun leikskýrslu

Er ennfremur óumdeilt að Gunnar Darri Bergvinsson var ekki skráður á leikskýrslu en lék hinsvegar í keppnisbúningi nr. 23 en Victor Gauti Wium

Jóhannsson, var skráður á leikskýrslu með það númer. Samkvæmt leikskýrslu var Victori Gauta Wium Jóhannssyni skipt inná á 53. mínútu en liggur fyrir að hann tók ekki þátt í leiknum en í hans stað kom Gunnar Darri Bergvinsson, sem eins og áður greinir var ekki skráður á leikskýrslu. Telst umrædd háttsemi fela í sér fölsun á leikskýrslu. Er um sjálfstætt brot að ræða sem samkvæmt grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót varðar sektum allt að kr. 100.000 í meistaraflokki, sé um vísvitandi brot að ræða auk þess að viðkomandi lið skal þá talist hafa tapað leiknum 0-3.

Telur aga- og úrskurðarnefnd ljóst, miðað við gögn málsins, að Haukar hafi vísvitandi ranglega fyllt út leikskýrslu í leik Hauka og ÍH með því að falsa nafn og kennitölu þátttakanda. Hafa Haukar gengist við brotinu og vísa til þess í greinargerð sinni að leikmanninum hafi verið spilað undir öðru nafni. Í samræmi við grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót skulu því Haukar til viðbótar framangreindri sekt sæta sekt að fjárhæð kr. 100.000.

Samkvæmt grein 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár. Við mat á beitingu ákvæðisins horfir aga- og úrskurðarnefnd til þess hver beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í því tilviki sem hér um ræðir og ber í því samhengi að horfa til atvika máls og til þeirra gagna sem liggja fyrir. Í greinargerð kærða er ástæða ákvörðunar þess aðila sem skráði umrædda leikskýrslu rakin til örvæntingar upp á að vera með fleiri en tvo varamenn í leiknum. Þá er í greinargerð kærða beðist afsökunar á því að svona hafi verið staðið að málum og að hart verði lagt að þeim sem eru forráðamenn á leikjum Hauka að slíkt endurtaki sig ekki. Forráðamaður, sem jafnframt er skráður sem starfsmaður/liðsstjóri Hauka í framangreindum leik liðsins við ÍH, er Ellert Ingi Hafsteinsson, meðstjórnandi í stjórn knattspyrnudeildar Hauka. Er frumrit leikskýrslu leiksins jafnframt undirritað af nefndum forráðamanni. Með vísan til framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að Ellert Ingi Hafsteinsson beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í leik Hauka og ÍH í B deild Lengjubikars karla sem fram fór þann 19. febrúar sl. Með vísan til greinar 36.4., alvarleika brotsins og þess að brotið er framið í deildarbikarkeppni KSÍ, skal Ellert sæta banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í sex mánuði. Bann Ellerts Inga Hafsteinssonar frá stjórnunarstörfum tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar.

Aga- og úrskurðarnefnd hafnar kröfum kæranda þess efnis að kærða verði gert að greiða kæranda málskostnað. Að mati nefndarinnar eru ekki uppi aðstæður í máli þessu sem fullnægja skilyrðum greinar 11.1.d) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál til greiðslu málskostnaðar.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Hauka og ÍH í B deild í Lengjubikarkeppni karla, sem fram fór þann 19. febrúar 2022, er breytt og ÍH úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Knattspyrnudeild Hauka skal sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 160.000 til KSÍ. Ellert Ingi Hafsteinsson skal sæta banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í sex mánuði.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Pröstur Ríkharðsson [sign]